

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, 239. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands. Samtökin hvetja til þess að lagasetningunni verði komið á sem fyrst og minna á að á íslenskum stjórnvöldum hvílir þjóðréttarleg skylda til að setja á fót mannréttindastofnun sem uppfyllir Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna.

Samtökin fagna því að sjálfstæði íslenskrar mannréttindastofnunar sé tryggt með því að láta hana heyra undir Alþingi frekar en framkvæmdarvaldið. Með því er tryggt að stofnunin sé óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins, sem er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess mikilvæga eftirlits sem stofnuninni er ætlað að sinna. Fyrirkomulagið tryggir enn fremur að Alþingi geti sinnt því hlutverki að sjá til þess að lög séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda.

Íslandsdeild Amnesty International bendir á að í frumvarpinu kemur ekkert fram um hvaða fjölda starfsfólks er gert ráð fyrir hjá stofnuninni, né hvaða sérþekkingar er krafist hvað varðar mannréttindasamninga og ýmis svið mannréttinda. Samtökin áréttu að til þess að stofnunin geti sinnt mikilvægum og fjölbreyttum verkefnum sínum með skilvirkum og áhrifaríkum hætti verður að vera til staðar ákveðin sérþekking innan stofnunarinnar á ólíkum sviðum mannréttinda.

Brýnt er að tryggja fjármögnun og mönnun stofnunarinnar til að skilyrði og kröfur Parísarviðmiða Sameinuðu þjóðanna séu uppfyllt og tryggja að stofnunin sé sannanlega sjálfstæð og óháð eftirlitsstofnun.

Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir Íslandsdeildar Amnesty International, ítrekar hún mikilvægi þess að Mannréttindastofnun Íslands verði komið á laggirnar fyrst og fremst. Nánari útlistun annarra atriða má koma á með breytingartillögum við þinglega meðferð eða síðar. Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, kveður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks beinlínis á um að til staðar þurfi að vera sjálfstæð innlend mannréttindastofnun sem hafi eftirlit með samningnum. Stofnun Mannréttindastofnunar Íslands er því mikilvægur liður í því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Að lokum áskilur deildin sér rétt til að koma að fleiri athugasemdum við frumvarpið við þinglega meðferð málsins.

Virðingarfyllt

Anna AMNESTY INTERNATIONAL
Íslandsdeild

Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International